

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

36. fundur

haldinn að Lyngási, 2. desember 2010

Mættir: Björn Ármann Ólafsson formaður, Ruth Magnúsdóttir í síma, Magnhildur Björnsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson og Skarphéðinn G. Þórisson. Þórhallur Þorsteinsson boðaði forföll. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður. Hjalti Bergvin Axelsson lögregluvarðstjóri mætti sem gestur á fundinn undir 2. dagskrárlíð.

Dagskrá:

- 1) Fundargerð síðasta fundar afgreidd
- 2) Veiðar og utanvegaakstur
- 3) Fundargerð stjórnarfundar Vatnajökulspjóðgarðs 24.11.2010
- 4) Lagabreytingar
- 5) Ákvörðun um næsta fund
- 6) Önnur mál

Formaður stýrði fundi og setti hann kl. 17.05. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Undirrituð fundargerð 35. fundar sem fundarmenn höfðu farið yfir.

2. Veiðar og utanvegaakstur

Hjalti Bergvin Axelsson lögregluvarðstjóri var mættur til að fara yfir samskipti þjóðgarðs og lögreglu eins og samþykkt var á síðasta svæðisráðsfundi. Agnes Brá gerði grein fyrir hvaða verklagsreglur landverðir hafa varðandi utanvegaakstur og því ferli sem menn hafa komið sér upp. Hjalti sagði vel unnin mál eiga að geta fengið greiða leið og geta lokið með sektargreiðslum. Niðurstaðan að þjóðgarðsvörður og lögreglan á austursvæði setji sér skýrar samstarfsreglur um þetta fyrir næsta sumar.

Rætt um eftirlit með veiðum. Hjalti sagði brýnt í þeim málum að lögreglan gæti verið með eftirlit og mætt á staðinn þegar brot eiga sér stað. Fundarmenn sammála um að samstarf starfsmanna þjóðgarðsins og lögreglunnar sé sem mest og best og einnig mikilvægt að lögreglan sé sýnileg á heiðum uppi.

3. Fundargerð stjórnarfundar Vatnajökulspjóðgarðs

Formaður gerði grein fyrir fundargerð síðasta stjórnarfundar sem haldinn var í Snæfellsstofu 24. nóvember. Það var fyrsti fundur nýs formanns og af þeirri ástæðu var svæðisráði ekki boðið að sitja fundinn.

4. Lagabreytingar

Formaður gerði grein fyrir drögum að tillögu að lagabreytingum sem lagðar voru fyrir síðasta stjórnarfund til kynningar. Svæðisráðið leggst alfarið gegn því að farið verði í breytingar á lögum um Vatnajökulspjóðgarðs án þess að nokkur umræða hafi átt sér stað, m.a. hjá svæðisráðum, enda er í bráðabirgðaákvæði laganna tekið fram að endurskoðun á stjórnfyrirkomulagi Vatnajökulspjóðgarðs eigi að endurskoða í samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

5. Ákvörðun um næsta fund

Stefnt að næsta stjórnarfund 7. janúar.

6. Önnur mál

a. Bréf og erindi til svæðisráðs og þjóðgarðsvarðar vegna skotveiða á Austursvæði.

Tölvupóstur frá Einari K. Haraldssyni til þjóðgarðsvarðar dags. 17. nóvember.

Bréf frá stjórn SKOTVÍS til svæðisráðs Austursvæðis dags. 1. desember.

Tölvupóstur Arnórs Sigfússonar til Þórðar Ólafssonar dags. 25. nóvember.

Lögð fram til kynningar. Svæðisráð ætlar að meta fyrir næsta fund hverju beri að svara og hvernig.

b. Skýrsla um Hvannalindir

Skýrsla landvarðar frá Hvannalindum í sumar. Lögð fram til kynningar.

c. Ársskýrslur

Þjóðgarðsvörður er að vinna ársskýrslur. Lögð fram hugmynd um að taka upp fyrirkomulag Norðursvæðis að halda opinn svæðisráðsfund þegar ársskýrsla svæðisins er kynnt. Svæðisráð stefnir að slíkum fundi í febrúar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.15.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Ruth Magnúsdóttir

Magnhildur Björnsdóttir

Skarphéðinn G. Þórisson